

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 89/2024

2024/EES/60/07

frá 26. apríl 2024

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/707 frá 19. desember 2022 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1272/2008 að því er varðar hættuflokka og viðmiðanir fyrir flokkun, merkingu og þökkun efna og blandna ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliðum er bætt við í lið 12zze í XV. kafla (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008):
„— **32023 R 0707:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/707 frá 19. desember 2022 (Stjtið. ESB L 93, 31.3.2023, bls. 7).“
2. Viðbætum 5 (hættu- og varðnaðarsetningar á íslensku) og 6 (hættu- og varnaðarsetningar á norsku) er breytt eins og fram kemur í I. og II. viðaukum við þessa ákvörðun.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2023/707, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 27. apríl 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. apríl 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 93, 31.3.2023, bls. 7.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

I. VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 89/2024 frá 26. apríl 2024

Eftirfarandi bætist í númeraröð við töfluna í viðauka 5 (III. viðauki við reglugerð (EB) nr. 1272/2008):

ESB-H 380	Getur valdið innkirtlatruflunum hjá mönnum
ESB-H 381	Grunað um að valda innkirtlatruflunum hjá mönnum
ESB-H 430	Getur valdið innkirtlatruflunum í umhverfinu
ESB-H 431	Grunað um að valda innkirtlatruflunum í umhverfinu
ESB-H 440	Safnast upp í umhverfinu og lífverum, þ.m.t. mönnum
ESB-H 441	Safnast upp í umhverfinu og lífverum, þ.m.t. í mönnum, í miklum mæli
ESB-H 450	Getur valdið langvarandi og dreifðri mengum vatnsauðlinda
ESB-H 451	Getur valdið mjög langvarandi og dreifðri mengun vatnsauðlinda

II. viðauki**við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 89/2024 frá 26. apríl 2024**

Eftirfarandi bætist í númeraröð við töfluna í viðauka 6 (III. viðauki við reglugerð (EB) nr. 1272/2008):

ESB-H 380	Kan forårsake hormonforstyrrelser hos mennesker
ESB-H 381	Mistenkes å kunne forårsake hormonforstyrrelser hos mennesker
ESB-H 430	Kan forårsake hormonforstyrrelser i miljøet
ESB-H 431	Mistenkes å kunne forårsake hormonforstyrrelser i miljøet
ESB-H 440	Akkumuleres i miljøet og levende organismer, inkludert i mennesker
ESB-H 441	Akkumuleres i høy grad i miljøet og levende organismer, inkludert i mennesker
ESB-H 450	Kan forårsake langvarig og diffus forurensning av vannressurser
ESB-H 451	Kan forårsake svært langvarig og diffus forurensning av vannressurser